Flokkunin er sem hér segir:
a. kr. 4.500. Urðað magn (áætlað) að 12 m^3 á ári.
b. kr. 13.500. Urðað magn (áætlað) frá 12 m^3 að 48 m^3 á ári.
c. kr. 54.000. Urðað magn (áætlað) frá 48 m^3 á ári.
Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasendir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt með tveimur jöfnum greiðslum, með gjalddögum 1. júní og 1. september.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Blönduóss á grundvelli 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Blönduósi, 28. desember 1999.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.

20. desember 1999 Nr. 908

SAMÞYKKT

um breytingu á reglugerð um holræsi fyrir Selfosshrepp nr. 306/1975, um breytingu á reglugerð um holræsagjöld á Selfossi nr. 49/1984 og um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld á Selfossi nr. 598/1983.

I. KAFLI
Breytingar á reglugerð nr. 306/1975.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um holræsi í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Í stað orðsins „Selfosshreppur“ í reglugerðinni kemur í viðeigandi beygingarfalli: Sveitarfélagið Árborg.

II. KAFLI
Breytingar á reglugerð nr. 49/1984.

3. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um holræsagjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

4. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Stofngjald holræsa kr. 70 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Einingarverðið breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við október 1999, 236,7 stig.

5. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Greiða skal holræsagjald af öllum húsum í Sveitarfélaginu Árborg sbr. 12. gr. reglugerðar um holræsi í Sveitarfélaginu Árborg.

III. KAFLI

Breytingar á reglugerð nr. 598/1983.

6. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Samþykkt um B-gatnagerðargjöld í Sveitarfélaginu Árborg.

7. gr.

I. kafli reglugerðarinnar fellur brott og breytast númer annarra greina til samræmis við það.

8. gr.

Í stað orðanna „á Selfossi“ í 9. gr. reglugerðarinnar, sem verður 1. gr., kemur: í Sveitarfélaginu Árborg.

9. gr.

Í stað tilvísunar til 10. gr. í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, sem verður 3. gr., kemur: 2. gr.

IV. KAFLI

Brottfall reglugerða.

10. gr.

Við gildistöku samþykktar þessarar falla úr gildi reglugerð um holræsi fyrir Eyrarbakkahrepp nr. 351/1975, sbr. reglugerð nr. 488/1994, reglugerð um gatnagerðargjöld í Eyrarbakkahreppi nr. 257/1977, sbr. reglugerð nr. 342/1987 og reglugerð um B-gatnagerðargjöld í Stokkseyrarhreppi nr. 754/1981.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 1999.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.